



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 14. september 2017

Niðurstöður athugunar á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Arion banka hf. í janúar 2017.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verðmat Arion banka hf. á lausafjármunum í kjölfar vörslusviptingar væri í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Kannað var hvort viðskiptavinir njóti góðs af því þegar lausafjármunur er seldur á hærra verði en matsverð samkvæmt uppgjöri hljóðar upp á, með tilliti til 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitið skoðaði viðeigandi verkferla hjá bankanum og tók úrtak kaupleigusamninga vegna einstaklinga sem fengu uppgjörseikninga í kjölfar vörslusviptinga á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júlí 2017 og eru þær byggðar á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram. Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við þá aðferðafræði sem tilgreind er í skuldaskjölum bankans, sem fellst í því að draga 20% afföll frá kauptilboði (uppítökuverði) bifreiða samkvæmt Bíló kerfinu.¹ Að mati Fjármálaeftirlitsins er þegar búið að taka tillit til affalla bifreiða sé miðað við kauptilboð (uppítökuverð) samkvæmt Bíló kerfinu. Þess ber þó að geta að framkvæmd bankans hefur verið önnur en fram kemur í skuldaskjölum, þar sem bankinn hefur miðað við verðmat frá löggiltum bílasala við uppgjör, sem alla jafna er hærra en uppítökuverð samkvæmt Bíló kerfinu.

Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við að í þremur tilvikum leið langur tími frá því að bankinn tók bifreiðar í sína vörslu þar til að viðskiptavinir var send tilkynning um það verð sem bankinn mat bifreiðina á.

Einnig voru settar fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið telur að betur megi fara.

¹ Bíló kerfi Bílgreinasambandsins heldur utan um seldar bifreiðar hjá bílaumboðum. Út frá þeim upplýsingum er fundið út viðmiðunarverð bifreiða. Uppítökuverð er verð bifreiða að teknu tilliti til affalla/afskrifta frá viðmiðunarverði.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þar ber helst að nefna að Fjármálaeftirlitið kom því á framfæri við bankann að samkvæmt mati eftirlitsins samrýmist það eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum að skuldari njóti góðs af því sé um það að ræða að bifreið sé seld á hærra verði en bankinn mat hana á í uppgjöri til skuldara, að teknu tilliti til sannanlegs og réttmæts kostnaðar sem fellur til frá því að bifreið er komin í vörslur bankans og þar til hún er seld.